

Vel launú vinna.

Vér viljum fá 10 Íslendinga í hreinlega mannshúsa vinnu. Kaup \$25-\$50 á viku, í bænum eða í sveitahöfnum. Enga æfingu, en vilja og ástundun að nema rakarsíðu. Staða ábyrgt og öll áhöld gefna. Skrifis eða talið við Hemphill Barber College, 580 Main St., Winnipeg.

Heimskringla.

Staða fyrir 15 Íslendinga

Vér höfum stöður fyrir nokkra menn, sem vilja að fara með og gera við bíla, húsnæði o. s. frv. Viðgangsmestir fórnir í veröldinni. — Kaup strax. Þessi stöður eru ókeypis. Skrifis eða talið við Hemphill Trade Schools, 580 Main, Street, Winnipeg.

XL. ARGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 30. DESEMBER 1925.

NÚMÉR 13

CANADA

Þingið í Ottawa hefir verið kallað saman 7. janúar. En aðalviðhöfnin fer fram daginn eftir. Verður þá landstjóri viðstaddur, eftir að búið er að kjósa forseta neðri deildar. Flytur landstjóri hásetisráðuna. En forsætisráðherra hefir tilkynnt, að J. C. Elliott, K. C., muni bera frastu svárið við hásetisráðunni, en L. La-combe styður.

Samkvæmt opinberum stjórnskrýslum, fyrirtíggur nú atkvæðatölning frá öllum kjördæmum samhandans. Samkvæmt því hafa konservatívar fengið 1,467,596 atkvæði; liberales 1,266,534 atkvæði; bænda-flokksmenn 282,599 atkvæði; utan-flokksmenn 87,618 atkvæði; verkamannaflokkurinn 53,224 atkvæði. Alls voru því greidd 3,157,571 atkvæði.

Samkvæmt opinberum skýrslum fer barnafæðingum fækkaði meðal Canadamaða á brezkum áttum. Í júní 1921 fæddust 13,960 börn í 8 fylkjum (Quebec ekki talið með); í júní 1924 fæddust 13,344 börn á sama svæði, og í júní 1925 ábæins 12,396 börn.

Allir Canadamenn kannaðir við stafrina K. K. K., og vita að þeir eru skammtstofun félagsnafnsins Ku Klux Klan, sem stofnað var í Banda-

Stjórnskrýslum fara fram á þessi útgjöld:

Þingið		\$ 16,498,381
Hvíta húsið		441,960
Veteran's Bureau		458,965,000
Önnur Bureau		46,302,899
Landbúnaðarráðuneytið		140,717,758
Verzlunarmálaráðuneytið		30,402,847
Innanríkisráðuneytið		250,967,602
Dömsmálaráðuneytið		24,367,027
Verkamálaráðuneytið		8,567,305
Flotamálaráðuneytið		322,869,430
Ríkisráðuneytið		16,614,932
Fjármálaráðuneytið		157,563,713
Hermálaráðuneytið		335,641,525
District of Columbia		35,626,579

Alls 1,845,546,960
Til flugmála er auk þess áætlað alls \$42,447,000, og til bannlaga gælu \$21,940,529.

KOLAVERKFALLIÐ.

Frá New York er símað, að samkvæmt yfirlýsingu frá William Green formanni A. F. L. (American Federation of Labor, þá sé allt útilit fyrir, að harðkollaverkföllinu linnu innan 10 daga.

Harðkollanemar og námueigendur eiga samningsfund með sér og byrjaði hann í gærdag. Aðalfulltrúi harðkollanema er Lewis formaður U. M. W. (United Mine Workers), en fulltrúi námueigenda er W. W. Inglis, majór.

FLUG-MÁLAFERLIN.

Mitchell. — Hinn mesti gauragangur hefir staðig undanfarið um flugvarnir Bandaríkjanna og yfirstjóra lofthersins. Mitchell ofursti hefir verið yfirheyrður í síðinu og fjöldi vitna. Mun tæpast hægt að neita því, að yfirheyrslan hafi gengið honum og hans málstað stórum í vil, yfirleitt, og að hún bendi til þess, að meginatriði máls hans séu rétt: að stjórnskrýslum sé dælt; hún sé í höndum af margra, en eigi að vera sérstök deild fyrir sig, eins og floti og landher; og að heppanpolitik hafi markað hana um of. Fyllilega er þó búið við, að Mitchell ofursti verði gerður herrekur.

Shenandoah-málið þykir og benda til hins sama. Hefir ekkja hins látna skipstjóra, Mrs. Landsdowne, borið það í rétti, að maður sinn hafi verið mótfallinn síðustu för skipsins, er að slýsi varð, þar sem hún væri hættaleg, á þessu felibyljasvæði, en algerlega þýngingalaus frá sjónarmiði lofthermensku, aðeins gerð til þess að sýna kjósendum hvað þeir hafi fengið fyrir peninga sína; hafa áhrif á þá óbeinlís til næstu kosninga. Auk þessa þar Mrs. Landsdowne það, að Wilbur flotamálaráðherra hefi sent Foley kaptein til sín, þess erindið, að reyna að hræða hana frá því að bera fram þenna vitnisburð, er hún vissi sannastan. Foley kaptein átti seti í dómeindinni, en var látnin segja af sér eftir vitnisburð Mrs. Landsdowne. Ennfremur hafði sjóðisforingjafri ein, háttstandandi, verið send með skjál, samlið af flotamálaráðuneytinu, til Mrs. Landsdowne, til staðfestingar. Var í því skjali öll ábyrgð tekin af flotamálaráðuneytinu, og fór svo þvert ofan í vitnisburð Mrs. Landsdowne, að hún neitaði að skrifa undir það.

Bretaveldi.

PARLAMENTIÐ.

Um það leyti sem Locarno-samningarnir voru staðfestir í London, þar Arthur Henderson, fyrrverandi innanríkisráðherra, fram þá kröfu í neðri málstofunni, að stjórnið eitt skifti fyrir öll gerði hreint fyrir sínum dýrm og gæfi áreiðanlega skýrslu um hið flirænda Charteris-mál, að því leyti hvort Þjóðverjar hefðu nokk-

urtima "soðin" lík félaga sinna í líksuðumíðjum meðan á stríðinu stóð, eða hvort þessi saga hefði verið fölsuð, til brezkur fylgisöflunar, eins og Charteris hershöfðingi hefði nýlega minst á í New York.

Óþægilegt hik kom á alla þingmenn. Svo stóð á að ríkiskanslari Þjóðverja, Dr. Hans Luther, og utanríkisráðherra þeirra, Stresemann, voru staðir á áheyrðapöllum, á samant glæsilegu föruneyti, brezku og útlendu. Þeir stóðu upp og gengu út. Nokkrum mínútum síðar kom utanríkisráðherrann brezki, Sir Austen Chamberlain, inn í þingsalinn, og gaf svofelda yfirlýsingu:

"Kanslari Þjóðverja hefir gefið mér umboð til þess að lýsa yfir því fyrir hönd þýskt stjórnskrýslum, að aldrei hafi verið minsti fótur fyrir sögunni um líksuðuna. Fyrir hönd brezku stjórnskrýslum tek og þessa yfirlýsingu gilda, og treysti því, að þessi falsfrétt verði ekki vakin til lífs aftur."

Húrrahróp kváðu við þessum orðum utanríkisráðherrans, frá þingmönnum.

Almannarómurinn á Englandi hefir haft ærðið erfiði undanfarið ár, á trúlofa prinsinn af Wales. Stundur ætt Bretakonungs víða rötum um Norðurlönd, og heimsóknir konungborins fólks til Englandis því tíðar. Hefir engin prinsessa stigið svo fæti á England í mörg ár, að ekki hafi almenningur strax viljað gjta hana ríkiserfingjanum. Nú er Astríður Sviaprinsessa tilnefnd. Er hún 20 ára að aldri, dóttir Carls konungsbróður, og Sviaprins, "bláa prinsins", sem kallaður var, einhverfígulegasta og þrúðasta tignis manns í Evrópu, og Ingibjargar Danaprinsessu, Friðriksdóttur konungs. Er Astríður prinsessa hin friðasta og gervilegasta kona, og jafnvel að sér um heimastörf og hannyrdir, sem aðrar íþróttir. Enda ber sænska konungsættin mjög af öðrum konungsættum með andlegt og fíknalegt atgervi. Þykir Englendingum því vera þarna venlegt drotningarefni. En orðrómurinn einber er þetta að svo komnu.

Italia.

Nýlega lét Mussolini lausa úr málamyndar gæzlufangelsi þrjá helstu mörðingja Matteotti, jafnaðarmannaforingjans. Eru það þeir Giuseppe Marinelli, fyrr. fíðirðir Fascista Cesare Rossi, einna illræmdast mörðingjar Fascistanna, og Filippo Filippelli. Þessir menn eru látnir lausir samkvæmt tillögum hins opinbera ákeranda, sem kveður, að þá beri að álita saklausa og hvítþvegna.

Það má geta nærri, að Fascistabliðin æptu sigurhróð, svo bergmálar um alla Italiu, yfir þessum "völduga sigri samleikans", sem þessar "hetjur" hafi unnið.

Málamyndar rannsókn á fram að fara í vor. Er sex ákerðir, en einn fanst aldrei, og hafa nú ákerðir og kærðendur komið sér saman um, að það sé hann, sem mörðir framdi. — Elfast enginn um að þessir fimm sleppi dýrblegir úr höndum dómsins.

Ýmsar fréttir.

Afskaplegar rigningar og leysingaveður hafa gengið yfir Mið-Evrópu og valdið líftjóni og eigna. Saone- og Rhone-fljótið á Suður-Frakklandi hafa gert hinn mesta usla, og sömu-leiðis Rínarfljótið. En samkvæmt fregnum frá Vínarborg hefir þó Dóná gert mest afhröð. Er sagt að 80,000 ekrur séu undir vatnagangi í Ungverjalandi, og hefir hervörður verið settur þar. Og í Transylvaníu

í Rúmeníu er talið að meira en 1000 manns séu heimilislausir, og á annað hundrad manns hafi farist flóðganginum.

Inayat Khan er frægur heimspeskingur indverskur. Hann er nú staður í New York, og á fyrir höndum 6 mánaða fyrirlestraferð um Bandaríkin, til þess að hjálpa sannleiksleitendum. Undanfarið þrjú ár hefir hann flutt fyrirlestra við háskólana í Róm, Geneva, Berlin og Osló; og við Sorbonne.

Dánarfregn.

Rvík 19. nóv.

Benedikt Jónsson frá Reykjavíð, andabíst í gær á heimili sonar síns, Halgríms stórkaupmanns Benediktssonar. Hann varð nítíu og þriggja ára gamall og lifði lengst sinna mörgu og merku systkina, sem kend voru við Reykjavíð. Hann var atgervismaður og orðlagður fríleiksmaður, en varð fyrir því böli, um fertugt, að missa sjónina og fékk enga bót á því ráðna upp frá því. (Visir.)

Frá Íslandi.

Gunnlaugur Blöndal listmálari hlýtur mikla sænd í París. — Á hinna árlegu haustýningu í París, var eitt málverk eftir Gunnlaug Blöndal listmálara. Það heitir "Dansmaerinn frá Montmartre", og hlaut mikið hrós af frönskum blöðum.

Fjórútu beztu málverkin á þessari ýningu fengu Japanir lánuð til Tokio og verða þau sýnd þar. Sá, sem réði vali myndanna, það Gunnlaug Blöndal um málverk hans, og kvað hann mega vera fullvissan, að hann gæti framvegis sent málverk á ársýninguna í Tokio, án þess að leggja þau undir dóm sýningarnefndar. — Er þetta stórmikil sænd og má uglaust ætla, að þetta verði upphaf mikils frama fyrir þenna efnilega landa vörn.

Nýr augnlæknir. — Visir gat þess á dögnum, að Kjartan Ólafsson, augnlæknir, væri nýbyrjaður á læknisgastarfémi sinni. Hefir hann dvalið langvistum erlendis, eftir að hann tók embættispróf hér í læknisfræði við háskólann. Þar af er salfiskurinn, verður og óverkaður, meira en helmingur, eða nokkuð yfir 5½ millj. og ísfiskur tæp ½ milljón; sild tæp 600,000; síldarolia rúml. ¼ milljón, og fiskmjöl nálega 270 þús.; saltkjöt 252 þús., fryst kjöt 143½ þús., kælt kjöt 9½ þús.; saltaðar gætur 538½ þús.; hert skinn 53½ þús.; garnir 36 þús.; ull ¼ milljón; þrjónles 10,700, og rjúpur 6,828 kr.

Allur ársútlutningurinn nemur fram til septemberloka 60 millj. og 800 þús. kr. rúmlega. Fiskibírgðir í landinu eru talðar 100 þús. skipund, en ársafinn fram að 1. október 307 þús. skip.

Dánarfregn. — 6. þ. m. (nóv.) andabíst á Eyraðakka húsfriðu Sessela Ólafsdóttir, ekkja Ebbesar Guðmundssonar gullsmíðs, 73 ára. Er sagt frá þeim hjónunum í Öðni 1923 og þar myndir af þeim.

hægt að "mikroskopera" sjálft augað. Sví einn, prófessor Guulstrand í Uppsöllum, hefir fundið upp hinn svo nefnda "Spaltlampe", er notaður er við augnannsóknir, og lýsir langt aftur í auga. Þessi lampi notar antabhvort nítalíjós eða kolbaltljós. — Mun Kjartan augnlæknir hafa útvegað sér lampna þenna, sem er alldýr, ásamt öðrum nýjustu rannsóknartækjum. Við þenna sama próf. Guulstrand er og kendar augnspeglir einn allstór, er sýnir mjög stækkaða mynd af auganu. Þá er og mjög notað til rannsókna nú rauftritt ljós, einkum ef um sár á auga er að ræða. Raufðu geislarnir í ljósinu eru þá sögnir burtu, og sést þá augnbottinn græn, en bláðinginn verður svört á að líta.

Læknisvísindin taka með ári hverju stórum framförum, og er gleðilegt til þess að vita, að engir Íslendingar leggi jafnmikla aðb við nám sitt og Kjartan augnlæknir hefir gert.

1. Desember. — Nýr félagskapur. — Fyrir eitthvað 15 árum var kosin nefnd í Stúdentafélaginu til þess að undirbúa stofnun félags hér í bænum, sem vinna ætti að málreinsun og málverndun. Sem eðlilegt er, var þessari hreyfingu vel tekið, en nefndin í kæfði þó málið og varð ekkert úr framkvæmdum.

Það er að visu svo, að málfar Íslendinga, að minsta kosti á Suðurlandi hefir stórbætnað síðan um aldamót, en nú virðist því heldur að higniga aftur. Til þess að ganga úr skugga um þetta efni, er nóð að lesa blöð frá 1900, 1912 og 1925. — Jón heitin Ólafsson vandaði oft um við menn í blöðunum, sérstaklega var það auglýsingamálið, sem hann fann að. Aðfinsur hans höfðu mikil og góð áhrif. Síðan hann féll frá, hefir ekkert verið gert til þess að bæta málið.

Það er mjög vel til fallið, að nota slíkan merkisdag, sem 1. desember til þjóðvakningar, svo sem Háskóla-stúdentar hafa tekið upp. Væri nú ekki gott tækifæri til að nota daginn í dag til þess að stofna Málvarnarrélag Íslands? — Stúdentafélagið hefir, sem áður segir, undirbúið málið og vantar ekki annað en herlumuninn, til þess að koma því í framkvæmd. Verkefnið er nægilegt.

J. G.

—Visir.

Útlutningur í október hefir numið tæpum 11 millj., samkv. skýrslu hagstofunnar. Þar af er salfiskurinn, verður og óverkaður, meira en helmingur, eða nokkuð yfir 5½ millj. og ísfiskur tæp ½ milljón; sild tæp 600,000; síldarolia rúml. ¼ milljón, og fiskmjöl nálega 270 þús.; saltkjöt 252 þús., fryst kjöt 143½ þús., kælt kjöt 9½ þús.; saltaðar gætur 538½ þús.; hert skinn 53½ þús.; garnir 36 þús.; ull ¼ milljón; þrjónles 10,700, og rjúpur 6,828 kr.

Allur ársútlutningurinn nemur fram til septemberloka 60 millj. og 800 þús. kr. rúmlega. Fiskibírgðir í landinu eru talðar 100 þús. skipund, en ársafinn fram að 1. október 307 þús. skip.

Dánarfregn. — 23. þ. m. (nóv.) andabíst á Eyraðakka húsfriðu Sessela Ólafsdóttir, ekkja Ebbesar Guðmundssonar gullsmíðs, 73 ára. Er sagt frá þeim hjónunum í Öðni 1923 og þar myndir af þeim.

(Lögrétta.)

STJÓRNMALAFRÉTTIR.

FRÁ ÝMSUM LÖNDUM.

Bandaríkin.

ÞINGSETNING.

Öldungaráðs. — Fjórir nýir öldungaráðsmenn sitja '69. löggjafarþing Bandaríkjanna, sem nýlega er komið saman, í stað látinna fyrrrennara. Þeir eru: George H. William (rep.), frá Missouri, útnefndur í stað S. P. Spencer (rep.); Arthur R. Robinson, frá Indiana (rep.), útnefndur í stað Samuel M. Ralston (dem). Ríkisstjórnin í Indiana er republican, og útnefndi því mann úr sinum flokki; Robert M. LaFollette yngri, kosinn í stað föður síns. Hann er "uppreisnarmaður" (insurgent) innan republican flokksins, eins og faðir hans. Fjórdi maðurinn er Gerald P. Nye frá Norður Dakota, útnefndur í stað Edwin P. Ladd. — Ladd var "uppreisnarmaður" eins og LaFollette, og áttið er að Nye muni vera sama sinnis. Er talið vist að flokkurinn muni með blíðu reyna að lokka þessar ótemjur í flokkskvíarnar aftur. Þrír hinir fyrstnefndu hafa þegar unnið þingeyðinn, en Nye ekki, sökum þess að einhverjir agnár eru á því, hvort útnefning hans sé algerlega lögmæt samkvæmt.

Neðri málstofan. — Þrjár konur eiga seti í neðri málstofunni: Mrs. Rogers frá Massachusetts; Mrs. Kahn frá California, og Mrs. Norton frá New Jersey.

Forseti (speaker) neðri málstofunnar var kosinn Nicholas Longworth frá Ohio, stóreignamaður; en að þessu mest kunnur fyrir auðæfi sín og að vera tengdasonur Roosevelts forseta. Mæltist útnefning hans af hálfu rep. misjafnlega fyrir, og greiddu hinir nýkomnu "insurgents" í flokknum, atkvæði á móti honum. Annars virðist ekki vera neitt sérstakt, sem hann er ásakður um, annað en að lítið hafi að honum kveðið í þjóðlífinu að þessu.

FIJARHAGURINN.

Það er síður að um leið og fjárlögu koma fyrir, fylgir þeim boðskapur frá forsetanum, sem gefur yfirlit yfir ástað þjóðarinnar. Á þessu sinni er yfirlit yfir 3 fjárhagsár: 1925 (endaði síðastl. júní); 1926 (yfirstandandi; endar næsta júní), og 1927 (byrjar næsta júlí), en til þess verður fé veitt nú á þinginu.

Fjárhagsárið 1925.

Tekjur námu: \$3,780,148,684
Útgjöld námu \$3,529,643,446

Agóðinn fór allur til að borga af ríkisskuldinni. Fór hann nær \$200,000,000 fram úr áætlun í fyrra, en samst með auknum tekjum, mótis við það sem við var búist.

Fjárhagsárið 1926.

Tekjur nema \$3,880,716,942
Útgjöld nema \$3,618,675,186

Agóði \$ 262,041,756

Í fyrra var agóðinn áætlaður \$373,743,714. Tekjurnar hafa farið \$239,420,000 fram úr áætlun í fyrra, en samt sem áður er agóðinn rúmum \$100,000,000 minni en áætlað var. Þau útgjöld, sem hafa höggvið þetta skarð í agóðann, eru þessi helzt:

- 1) \$106,000,000 meira í uppbót til hermanna.
- 2) \$91,000,000 í endurgreidda skatta.
- 3) \$23,000,000 fyrir sambandshjál til vegagerðar í ýmsum ríkjum.
- 4) \$37,100,000 í aukin laun til pósta-fgreiðslumanna.
- 5) \$8,000,000 fyrir eftirlaunauppbót.

Fjárhagsárið 1927.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir því að Tekjur nemi \$3,824,530,203
Útgjöld nemi \$3,494,222,308

Agóði \$ 330,307,895